

Nd.

144. Framvarp

til laga um breyting á löggiðfinni um skrásetning skipa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Síðasti liður í 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895, um skrásetning skipa orðist svo:

Ekkert islenskt skip má hjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn islenska fána.

Í stað orðanna »danskt flagg« annarsstaðar í lögnum komi »islenskan fána«.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskirteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skirteinum, sem bera með sjer islenskt þjóðerni skipsins.

3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráðherrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.